



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Styrkir til
menningar og skapandi greina
á Íslandi

Dagbjört Una Helgadóttir

2022

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Menningarvísar Hagstofu Íslands 2021 og staða skapandi greina.....	5
Endurgreiðslur	9
Listamannalaun	21
Niðurstöður	28
Heimildaskrá.....	29

Töfluskrá

Tafla 1 Menningarvísar Hagstofunnar 2021	7
Endurgreiðslur... ..	8
Stuðningur við útgáfu bóka á íslensku.....	8
Tafla 2 Upplýsingar um endurgreiðslur vegna bókaútgáfu á íslensku 2019-2021.....	8
Hljóðritun á tónlist.....	9
Tafla 3 Upplýsingar um endurgreiðslur á hljóðritun á tónlist 2017-2021.....	9
Tafla 4 Upplýsingar um endurgreiðslur vegna framleiðslu kvikmynda 2015-2022.....	11
Fjárveitingar úr sjóðum og rýni í gögn varðandi umsækjendur.....	10
Tónlistarsjóður.....	10
Tafla 5 Upplýsingar um úthlutanir úr tónlistarsjóði 2015-2022	11
Sviðslistasjóður.....	11
Tafla 6 Upplýsingar um úthlutanir úr sviðslistasjóði 2015-2022.....	11
Hljóðritasjóður.....	12
Tafla 7 Upplýsingar um úthlutanir úr Hljóðritasjóði 2016-2022	12
Barnamenningsjóður.....	12
Tafla 8 Upplýsingar um úthlutanir úr barnamenningsjóði 2019-2022	13
Æskulýðssjóður.....	13
Tafla 9 Upplýsingar um úthlutanir úr Æskulýðssjóði 2015-2022	13
Myndlistarsjóður	14
Tafla 10 Upplýsingar um úthlutanir úr myndlistarsjóði 2015-2022	14
Tafla 11 Búseta og kynjahlutfall styrkþega myndlistarsjóðs.....	14
Kvikmyndasjóður	15
Tafla 12 Upplýsingar um úthlutanir úr kvikmyndasjóði eftir tegund verkefna 2015-2022.....	16
Hönnunarsjóður.....	16

Tafla 13 Upplýsingar um úthlutanir úr Hönnunarsjóði	17
Sviðslistamiðstöð Íslands	18
Tafla 14 Upplýsingar um úthlutanir ferðastyrkja hjá Sviðslistamiðstöð Íslands	18
Miðstöð íslenskra bókmennta	18
Tafla 15 Upplýsingar um úthlutanir útgáfustyrkja Miðstöðvar íslenskra bókmennta 2015-2022	19
Tafla 16 Upplýsingar um úthlutanir þýðingastyrkja yfir á íslensku hjá Miðstöð íslenskra bókmennta 2015-2022	19
Tafla 17 Upplýsingar um úthlutanir þýðingastyrkja yfir á erlend mál frá Miðstöð íslenskra bókmennta 2017-2021	20
Tafla 18 Upplýsingar um úthlutanir norræna þýðingastyrkja frá Miðstöð íslenskra bókmennta 2015-2021	20
Listamannalaun	21
Tafla 19 Fjöldi umsókna í launasjóði listamanna eftir flokkum 2018-2022	21
Tafla 20 Listamannalaun tónskálda, umsóttir mánuðir, úthlutaðir mánuðir, árangurshlutfall og fjöldi umsækjenda 2015-2022	22
Tafla 21 Listamannalaun tónskálda, kynja- og búsetuskipting	22
Tafla 22 Listamannalaun tónlistarflytjenda, umsóttir mánuðir, úthlutaðir mánuðir, árangurshlutfall og fjöldi umsækjenda 2015-2022	23
Tafla 23 Listamannalaun tónlistarflytjenda, kynja- og búsetuskipting	23
Tafla 24 Listamannalaun rithöfunda, umsóttir mánuðir, úthlutaðir mánuðir, árangurshlutfall og fjöldi umsækjenda	24
Tafla 25 Listamannalaun rithöfunda, kynja- og búsetuskipting 2015-2022	24
Tafla 26 Listamannalaun myndlistamanna, umsóttir mánuðir, úthlutaðir mánuðir, árangurshlutfall og fjöldi umsækjenda 2015-2022	25
Tafla 27 Listamannalaun myndlistarmanna, kynja- og búsetuskipting 2015-2022	25
Tafla 28 Listamannalaun hönnuða, umsóttir mánuðir, úthlutaðir mánuðir, árangurshlutfall og fjöldi umsækjenda 2015-2022	26
Tafla 29 Listamannalaun hönnuða, kynja- og búsetuskipting	26
Tafla 30 Listamannalaun sviðslistahópa/einstaklinga, umsóttir mánuðir, úthlutaðir mánuðir, árangurshlutfall og fjöldi umsækjenda 2015-2020	27
Tafla 31 Listamannalaun sviðslistahópa/einstaklinga kynja- og búsetuskipting 2015-2020	27

Myndaskrá

Mynd 1 Þróun rekstrartekna, launasummu, fjölda rekstraraðila og fjölda starfandi frá 2008 samkvæmt Hagstofu.....

Error! Bookmark not defined.

Inngangur

Skýrsla þessi var unnin með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna hjá Rannís. Hún var liður í kortlagningu á skapandi greinum á Íslandi hjá undirbúningsstjórn að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina. Vinnan fór fram árið 2022 og tekur mið af menningarvísnum á heimasíðu Hagstofu Íslands sem gefnir voru út árið 2021. Gögn Hagstofunnar eru unnin úr mánaðarlegum staðgreiðslu- og mannfjöldagögnum, rekstrartekjum og skattframtali rekstraraðila, úrtaksrannsókn meðal skipulagsheilda og árlegum vinnumarkaðskönnunum, ásamt upplýsingum um umsóknir og fjárveitingar frá helstu styrktarsjóðum skapandi greina sem skýrsluhöfundur fékk í flestum tilvikum frá Rannís en í nokkrum tilvikum beint frá umsýsluaðilum sjóðanna, s.s. miðstöðvum lista og skapandi greina. Uppfærðir menningarvísar voru gefnir út eftir að vinnu við skýrsluna var lokið. Í uppfærðum menningarvísnum er miðað við þriggja milljón króna tekjulágmark sem var áður fimm milljónir.

Hversu lýsandi eru gögnin?

Umfang skapandi greina er líklega vanmetið vegna skorts á fjölda smærri rekstraraðila í gögnunum þar sem rekstraraðilar og einyrkjar með tekjur undir fimm milljónir eru ekki reiknaðir með og fjölda skapandi starfa í atvinnugreinum utan skapandi greina. Ætla má að umtalsverður fjöldi starfandi rekstraraðila og einstaklinga í skapandi greinum sé undir því marki t.d. þeir sem vinna aukastörf. Einnig vantar öll gögn um einyrkja sem gæti verið umtalsverður fjöldi. Vert er að nefna að greiningar á fyrirtækjum eftir ÍSAT flokkun sýna ekki skýra mynd þar sem að talsvert er um að fyrirtæki séu rangt skráð. Auk þess er meirihluti skapandi starfa í öðrum atvinnuvegum. Skortur er á góðri yfirsýn yfir umsóknir og styrkveitingar úr sjóðum. Ekki fengust gögn um styrkveitingar úr Útflutningssjóði íslenskrar tónlistar frá ÚTÓN fyrir gerð þess yfirlits sem hér er sett fram. ÚTÓN (Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar) ber ábyrgð á þeim úthlutunum og fer með umsýslu sjóðsins fyrir hönd menningar- og viðskiptaráðuneytisins.

Ekki fengust upplýsingar frá Hagstofu Íslands, fyrir gerð þessarar skýrslu, um niðurbrot á styrkþegum sjóða Rannís eftir ólíkum breytum, t.d. styrkveitingum eftir kyni, búsetu eða ÍSAT flokkum, hvort sem um einstaklinga eða fyrirtæki var að ræða, né heldur um aldursdreifingu umsækjenda og styrkþega. Þessar upplýsingar hefðu verið gagnlegar í samantekt eins og þessari. Við samanburð á gögnum sem Rannís birtir á heimasíðu sinni og gögnum sem koma frá Rannís, og voru unnin af Hagstofunni, kom í ljós villa í Hagstofugögnum sem þarf að hreinsa og lagfæra. Mjög mismunandi er hvaða gögn

styrktarsjóðir biðja umsækjendur um. Enn meiri mun má sjá frá einstaka sjóðum á hvernig unnið er úr aðgengilegum gögnum, s.s. varðandi búsetu, kyn og aldur umsækjenda. Hvergi tíðkast að spyrja um uppruna fólks eins og víða í nágrennalöndum okkar.

Hugmyndir að umbótum í gagnasöfnun:

- Söfnun gagna um einyrkja í skapandi störfum innan skapandi greina.
- Lækka tekjulágmark einstaklinga og rekstraraðila í gögnum Hagstofu
- Auka eftirlit með skráningum á ÍSAT númerum (Ríkisskattstjóri).
- Fjölga rannsóknum á skapandi störfum utan skapandi greina samkvæmt ÍSAT flokkun.
- Auka samstarf milli sjóða um staðlað vinnulag í upplýsingaöflun sjóða, s.s. við gerð umsóknareyðublaða og samantekt tölfraedi í kjölfar úthlutana og/eða koma á miðlægum gagnagrunni yfir styrkumsóknir og styrkveitingar.
- Gera nafnlausar kannanir til þess að meta kaup/sölu á svartri þjónustu/vöru innan skapandi greina.

Menningarvísar Hagstofu Íslands 2021 og staða skapandi greina

Skapandi greinar á Íslandi eru skilgreindar af Stjórnarráði Íslands sem „starfsemi sem sprettur úr sköpunargleði, þekkingu og hæfileikum fólks og sem eflir velferð og eykur atvinnutækifæri með því að skapa og nýta þekkingarlegan auð. Undir það falla t.d. hönnunarmál, endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, endurgreiðslur vegna tónlistarupptöku, hugverkastefna o.s.frv.“ (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011). Til að meta umfang og þróun skapandi greina er mikilvægt að átta sig á hvaða upplýsingar eru til staðar og hvaða upplýsingar skortir. Þannig má átta sig á því hvort gerlegt sé að meta umfang þeirra með þeim gögnum sem eru opinber.

Á heimasíðu Hagstofunnar var ekki hægt að finna nýlegri gögn en frá 2020.

Menningarvísar eru hagrænir mælikvarðar um menningu og skapandi greinar á Íslandi og eru yfirgripsmestu gögnin sem heldur utan um varðandi atvinnuvegin.

Birtir hafa verið fimm menningarvísar, sem samkvæmt Hagstofunni eru enn í vinnslu. Nýjustu gögn menningarvísanna lýsa árinu 2020 og tekið er skýrt fram að um bráðabirgðatölur er að ræða. Menningarvísar Hagstofunnar frá 2021 eru eftirfarandi: fjöldi starfandi, launasumma, fjöldi rekstraraðila, rekstrartekjur og þjónustuviðskipti við útlönd. Menningarvísarnir styðjast við flokkun Eurostat, sem er hagstofa Evrópusambandsins. Auk þeirra ÍSAT atvinnugreina sem flokkast undir atvinnugreinar menningar samkvæmt

skilgreiningu Eurostat, er starfsemi listmunahúsa og listverkasala og sá hluti hugbúnaðargerðar sem snýr að tölvuleikjagerð einnig meðtalin í menningarvísunum Hagstofu Íslands. Atvinnugreinunum er þá skipt niður í tíu flokka menningargreina: Bókmenntir, fjölmiðlar, hönnun og arkitektúr, kvikmyndir og sjónvarp, listnám, menningararfur, myndlist, sviðslistir, tónlist og tölvuleikir. Menningarvísarnir 2021 náðu einungis yfir rekstraraðila með meira en fimm milljónir í árlegar rekstrartekjur. Með fimm milljón króna lágmarki er mjög sennilegt að margir sem hafa skapandi greinar að aukastarfi teljist ekki með.

Fyrsti flokkur menningarvísanna er **fjöldi starfandi**. Þær upplýsingar eru talning á einstaklingum úr mánaðarlegum staðgreiðslu- og mannföldagögnum. Þeir teljast starfandi sem höfðu tekjur af atvinnu í uppgjöri ríkisskattstjóra um staðgreiðslu skatta ásamt þeim sem voru með reiknað endurgjald.

Annar flokkur menningarvísanna er **launasumma**. Þar er aðeins að finna tölur staðgreiðsluskyldra launagreiðslna launafólks sem starfaði í atvinnugreinum menningar á umræddu tímabili. Í launasummurnar vantar því einyrkja, sem gæti verið umtalsverður fjöldi einstaklinga og jafnvel stór hluti þeirra sem eru starfandi í skapandi greinum. Þá gætu verið tvítalningar þar sem bæði aðal- og aukastarf er talið. Gögnin sjálf byggja á mannföldagögnum og mánaðarlegum staðgreiðslum.

Í þriðja flokki menningarvísanna eru **rekstrartekjur** sem eru byggðar á skattframtölum rekstraraðila. Þar eru teknar fram þær tekjur sem viðkomandi færir til reiknings fyrir sölu á vöru eða þjónustu til þriðja aðila. Þess má geta að ekki eru meðtaldar tekjur sem fást sem styrkir frá opinberum yfirvöldum eða stofnunum og vantar því alfarið upplýsingar um slíkar tekjur einstaklinga í skapandi greinum. Því má ætla að þessi menningarvísir vanmeti raunverulegar tekjur í skapandi greinum.

Í fjórða menningarvísunum, **fjöldi rekstraraðila** voru rekstraraðilar sem höfðu meira en fimm milljónir á ári í rekstrartekjur og var það byggt á skattframatali rekstraraðilana. Við samanburð á tölum um fjölda starfandi og fjölda rekstraraðila eru sterkar vísbendingar um vanmat fremur en ofmat. Gott dæmi er að samkvæmt tölunum fyrir árið 2020 voru 223 starfandi í tónlist en einungis 210 rekstraraðilar, þrátt fyrir að yfir áttatíu hljóðfæraleikarar séu starfandi í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það bendir til þess að meðalfjöldi starfandi hjá hverjum rekstraraðila sé langt undir einum einstaklingi, sem er ekki trúverðug niðurstaða sérstaklega þegar tekið er tillit til fimm milljóna tekjulágmarks.


Fimmti menningarvísir Hagstofunnar er **þjónustuútflutningur atvinnugreina menningar**, sem byggður er á gögnum úr úrtaksrannsókn á þjónustuviðskiptum fyrirtækja,

sveitarfélaga og opinberra stofnana. Þess má geta að einungis þeir sem greiða skatta til Íslands eru meðtaldir. Dæmi eru um að ef einstaklingur eða rekstrareining nái miklum árangri erlendis að þeir greiði þá frekar skatta til annars lands.

Mynd 1 hér að neðan sýnir þróun á milli ára á öllum menningarvísunum nema þjónustuflutningi menningar. Á myndinni sést að fjöldi rekstraraðila hefur aldrei verið meiri en árið 2020, en þótt rekstrartekjur og launasumma hafi aukist töluvert frá 2008 náðu þær toppi 2017 og eru aðeins lægri skv. nýjustu gögnum.

Mynd 1

Þróun rekstrartekna, launasummu, fjölda rekstraraðila og fjölda starfandi frá 2008 samkvæmt Menningarvísunum Hagstofu Íslands 2021



*Rekstrartekjur og launasummur eru í milljörðum

Í Töflu 1 voru teknir saman fjórir menningarvísar fyrir 2020 (allir nema útflutningur á tónlist, sem er flokkaður á annan hátt).

Tafla 1

Menningarvísar Hagstofunnar 2021

2020	Launasumma	Rekstrartekjur	Fjöldi starfandi	Fjöldi rekstraraðila	Meðalfjöldi starfsgilda
Bókmenntir	2.756.346.830 kr	6.777.856.260 kr	502	199	2,5
Fjölmiðlar	5.333.501.780 kr	19.286.888.145 kr	876	111	7,9
Hönnun og arkitektúr	5.093.377.466 kr	14.206.934.570 kr	865	392	2,2
Kvikmyndir og sjónvarp	5.224.400.001 kr	28.396.053.626 kr	985	372	2,6
Listnám	2.233.337.767 kr	2.159.595.016 kr	565	55	10,3
Menningararfur	1.085.330.604 kr	2.090.080.162 kr	189	33	5,7
Myndlist	787.845.739 kr	2.592.779.404 kr	188	165	1,1
Sviðslist	2.257.145.689 kr	2.161.336.032 kr	457	116	3,9
Tónlist	932.144.230 kr	6.004.282.951 kr	223	210	1,1
Tölvuleikir	3.493.096.695 kr	7.768.643.435 kr	338	12	28,2
Samtals	29.196.526.801 kr	91.444.449.601 kr	5188	1665	M = 3,1

Hér er áhugavert að meðalfjöldi starfsgilda í tónlist er 1,1 samkvæmt gögnunum. Þar sem gera má ráð fyrir hópi rekstraraðila með mun fleiri en eitt starfsgildi og hæpið er að margir séu með færri en eitt starfsgildi gefa tölurnar ástæðu til að efast um réttmæti þeirra.

Endurgreiðslur

Í þessum kafla er fjallað um stuðning við skapandi greinar í formi endurgreiðslna. Fjallað er um stuðning við útgáfu bóka á íslensku og hljóðritun á tónlist.

Stuðningur við útgáfu bóka á íslensku

Upplýsingar voru fengnar af heimasíðu Rannís og er þar nefnt að markmiðið styrkveitinga er að efla útgáfu bóka á íslensku með því að veita bókaútgefendum tímabundinn stuðning í formi endurgreiðslu á hluta kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku. Bók er skilgreind sem ritverk eða ritröð sem er allavega átta blaðsíður, en hljóðupptaka á lestri eða önnur rafræn útgáfa er einnig meðtalin. Endurgreiðslur hófust 2019 og í lögum er kveðið á um að þær verði í gildi til loka ársins 2023. Um er að ræða tímabundinn stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Samkvæmt lögnum eiga útgefendur rétt á endurgreiðslu fyrir 25% af útgáfukostnaði. Ekki er um samkeppnissjóð að ræða heldur fá allar umsóknir sem uppfylla viðmið um endurgreiðslu 25% af kostnaði. Sjá má sama mynstur varðandi endurgreiðslur og í öðrum sjóðum á töflu 2. Fjöldi umsókna hefur aukist frá 2019. Áhugavert er að sjá að árangurshlutfallið er fremur lágt, eða að meðaltali 30%, þrátt fyrir að ekki sé um samkeppnissjóð að ræða.

Tafla 2

Upplýsingar um endurgreiðslur vegna bókaútgáfu á íslensku 2019-2021

Bókmenntir	Fjöldi umsókna	Heildarupphæð umsókna	Upphæð veitt	Árangurshlutfall
2021	732	1.495.000.000	374.000.000	25%
2020	922	1.593.000.000	390.000.000	24%
2019	266	780.000.000	312.000.000	40%

Hljóðritun á tónlist

Menningar- og viðskiptaráðuneytið heldur utan um endurgreiðslur á hljóðritun á tónlist og veitti upplýsingar um endurgreiðslur frá árinu 2017 (tafla 3). Á gögnunum sést að fjárhæð á

fjárlögum var töluvert undir raunendurgreiðslum til ársins 2021, þegar raunendurgreiðslur voru um 10% umframfjárhæð á fjárlögum. Almennt má sjá að raunendurgreiðslurnar hafa farið hækkandi með hverju ári. Einnig fengust þær upplýsingar að ráðuneytið muni á næstunni leggja fram frumvarp um að framlengja endurgreiðslur skv. lögum nr 110/2016 til fimm ára. Gert er ráð fyrir að heildarupphæð endurgreiðslna árið 2022 verði 51,5 milljónir króna vegna hljóðritunar á tónlist. Enn á eftir að afgreiða einhverjar umsóknir en þegar upplýsingar fengust frá ráðuneytinu í október 2022 var heildarupphæð endurgreiðslna þegar 16.179.747 kr.

Tafla 3

Upplýsingar um endurgreiðslur á hljóðritun á tónlist 2017-2021

Ár	Fjárhæð á fjárlögum	Raunendurgreiðslur
2021	81.000.000	7.554.022
2020	59.700.000	16.286.031
2019	59.700.000	20.190.359
2018	54.500.000	39.734.415
2017	51.500.000	56.345.652

Framleiðsla kvikmynda

Kvikmyndamiðstöð hefur umsjón með endurgreiðslum vegna framleiðslu heimildamynda, kvikmynda og sjónvarpsefnis. Framleiðendur eiga kost á 25% endurgreiðslum af framleiðslukostnaði sem fellur til hér á landi, eða 35% að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. nýlegar lagabreytingar. Skilyrði fyrir endurgreiðslunni er að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri, kynna sögu lands eða náttúru eða að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu á listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa. Raunendurgreiðslur hafa farið hækkandi ár frá ári en árið 2022 lækkuðu þær töluvert. Gert er ráð fyrir mikilli hækkun endurgreiðslna, í allt að 4,5 milljarða á árinu 2023 vegna nýlegra lagabreytinga um 35% endurgreiðslu.

Tafla 4

Yfirlit yfir endurgreiðslur vegna framleiðslu heimildamynda, kvikmynda og sjónvarpsefnis 2015-2022

Ár	Fjöldi styrkþega	Úthlutuð upphæð
2022	42	1518.000.000
2021	70	2218.000.000
2020	62	2369.000.000
2019	57	1125.000.000
2018	53	1046.000.000
2017	40	961.000.000
2016	33	1.526.000.000
2015	47	796.000.000

Fjárveitingar frá sjóðum og rýni í gögn varðandi umsækjendur

Rannís skilgreinir hlutverk sitt sem stuðning við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og tilheyrir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Rannís hefur umsjón með öllum helstu samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntunar og menningar á Íslandi. Á vefsíðu Rannís er að finna mikið af upplýsingum um þá menningarsjóði sem stofnunin sýslar með auk listamannalauna. Gögnum úr öllum sjóðum sem tengjast skapandi greinum beint var safnað og þróun á fjölda umsókna, styrkra verkefna og upphæða umsókna og styrkveitinga sett fram. Í þeim tilvikum þar sem gögn vantaði var upplýsinga aflað beint frá viðkomandi sjóði (ef sjóður/upplýsingar voru ekki til hjá Rannís).

Tónlistarsjóður

Upplýsingar um Tónlistarsjóð fengust af heimasíðu Rannís. Skilgreint hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslensku tónlistarfólki og tónsköpun þess. Sjóðurinn veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, til kynningar á tónlistarfólki og markaðssetningar á tónlist. Verkefni eru ekki styrkt ef þeim er lokið. Styrkveitingar úr Tónlistarsjóði (tafla 5) hafa verið töluvert fleiri og upphæðir hærri sl. 2 ár heldur en árin á undan (að undanskildu Covid árinu 2020, þar sem úthlutanir voru fleiri).

Tafla 5

Upplýsingar um úthlutanir úr tónlistasjóði 2015-2022

Tónlistasjóður	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Hlutfall samþykktra umsókna	Hlutfall veittra upphæða	Upphæð veitt	Upphæð umsókna
2022	305	162	53%	42%	135.660.000 kr	323.000.000 kr
2021	366	162	44%	28%	99.600.000 kr	360.000.000 kr
2020	865	283	33%	17%	121.090.000 kr	696.000.000 kr
2019	256	118	46%	27%	69.000.000 kr	253.000.000 kr
2018	249	111	45%	49%	66.440.000 kr	136.500.000 kr*
2017	307	113	37%	21%	64.490.000 kr	303.549.347 kr
2016	268	115	43%	59%	62.546.000 kr	105.209.514 kr*
2015	349	94	27%	19%	53.925.000 kr	280.721.730 kr

*Stjórnumerkta upphæðir þýða að ekki voru upplýsingar á vefsíðu Rannís nema um aðra af tveimur árlegum úthlutunum.

Sviðslistasjóður

Upplýsingar um Sviðslistasjóð fengust af heimasíðu Rannís. Markmiðið með Sviðslistasjóði er að efla sviðslistir og að búa þeim hagstæð skilyrði. Styrkir eru veittir til einstakra verkefna atvinnusviðslistahópa. Í gegnum sjóðinn er einnig hægt að sækja um listamannalaun en listamannalaun eru tilgreind sérstaklega síðar.

Sjá má á töflu 6 hér fyrir neðan að umsóknum hefur fjölgað mikið s.l. ár og heildarupphæð styrkveitinga einnig aukist, en hlutfall samþykktra umsókna hefur þó haldist svipað milli ára. Á árunum 2015 – 2019 var einungis ein úthlutun en eftir það hefur verið úthlutað úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári.

Tafla 6

Upplýsingar um úthlutanir úr sviðslistasjóði 2015-2022

Sviðslistasjóður	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Hlutfall samþykktra umsókna	Hlutfall veittra upphæða	Upphæð veitt	Upphæð umsókna
2022	205	32	16%	17%	185.000.000 kr	1.093.000.000 kr
2021	143	30	21%	18%	132.000.000 kr	738.000.000 kr
2020	295	50	17%	12%	188.999.000 kr	1.555.000.000 kr
2019	86	19	22%	21%	99.000.000 kr	469.000.000 kr
2018	96	17	18%	15%	96.500.000 kr	633.000.000 kr
2017	95	18	19%	16%	92.000.000 kr	587.000.000 kr

2016	94	19	20%	16%	88.500.000 kr	559.552.571 kr
2015	86	13	15%	*	75.500.000 kr	*

*Upplýsingar vantaði á heimasíðu Rannís um upphæð umsókna árið 2015

Hljóðritasjóður

Upplýsingar um Hljóðritasjóð voru fengnar af heimasíðu Rannís. Skilgreint hlutverk hljóðritasjóðs er að efla íslenska hljóðritagerð í tónlist með fjárhagslegum stuðningi við útgáfu hljóðrita. Sjóðurinn styrkir nýja og frumsamda tónlist til að stuðla að nýsköpun. Þegar tafla 7 er skoðuð má sjá að á tímabilinu 2016-2022 hefur umsóknum farið töluvert fjölgandi en hlutfall samþykktra umsókna hefur lækkað, þar sem samanlögð upphæð styrkveitinga hefur ekki aukist.

Tafla 7

Upplýsingar um úthlutanir úr Hljóðritasjóði 2016-2022

Hljóðritasjóður	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Hlutfall samþykktra umsókna	Hlutfall veittra upphæða	Upphæð veitt	Upphæð umsókna
2022*	106*	59*	56%*	32%*	28.720.000 kr*	89.500.000 kr*
2021	327	108	33%	12%	30.000.000 kr	251.000.000 kr
2020	308	130	42%	16%	37.000.000 kr	224.527.974 kr
2019	314	127	40%	21%	38.125.000 kr	185.609.065 kr
2018	154	101	66%	32%	37.650.000 kr	115.988.736 kr
2017	248	109	44%	17%	38.375.000 kr	223.272.325 kr
2016	167	84	50%	20%	33.000.000 kr	167.00.0 kr

*Einungis upplýsingar um eina úthlutun árið 2022 var að finna inni á heimasíðu Rannís, en ekki voru til eldri gögn en frá 2016.

Barnamenningsjóður

Upplýsingar um Barnamenningsjóð fengust af heimasíðu Rannís. Skilgreint hlutverk barnamenningsjóðs er að að fjármagna og styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamennings með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Við úthlutun styrkja horfir sjóðurinn á áherslu menningarstefnu um samstarf stofnana, skóla, einstaklinga og félagssamtaka. Í starfi sjóðsins er m.a. horft til fyrrgreindrar áherslu menningarstefnu um samstarf ásamt því markmiði að jafna aðgengi barna og ungmenna að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Um opinbert átaksverkefni er að ræða og mun sjóðurinn úthluta styrkjum í fimm ár eða frá 2019-2023. Úthlutað er úr Barnamenningsjóði einu sinni á ári og var fyrsta úthlutun árið 2019. Sjá má þegar litið er á

töflu 8 að upphæðir, fjöldi umsókna og fjöldi styrktra verkefna hefur verið svipaður frá upphafi (upphæðir umsókna þó aðeins hærri á Covid árinu 2020).

Tafla 8

Upplýsingar um úthlutanir úr barnamenningsjóði 2019-2022

Barnamenningsjóður	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Hlutfall samþykktra umsókna	Hlutfall veittra upphæða	Upphæð veitt	Upphæð umsókna
2022	106	34	32%	24%	92.000.000 kr	380.000.000 kr
2021	113	37	33%	24%	90.000.000 kr	373.000.000 kr
2020	112	42	38%	20%	92.000.000 kr	460.000.000 kr
2019	108	36	33%	25%	97.500.000 kr	390.000.000 kr

Æskulýðssjóður

Fengnar voru upplýsingar um Æskulýðssjóð af heimasíðu Rannís. Skilgreint hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja verkefni sem eru á vegum æskulýðssamtaka og æskulýðsfélaga. Einkum er horft til verkefna sem eru unnin fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra, þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða, nýjungar og þróunarverkefni og samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka. Í Æskulýðssjóði (tafla 9) hefur umsóknum og fjölda styrktra verkefna farið fækkandi með árunum, en minni breyting hefur verið á árangurshlutfalli. Upphæð umsókna og veittra styrkja hefur farið lækkandi. Árið 2015 voru 4 úthlutanir á ári, 2016 voru 3 úthlutanir á ári en eftir það hafa verið tvær úthlutanir á ári.

Tafla 9

Upplýsingar um úthlutanir úr Æskulýðssjóði 2015-2022

Æskulýðssjóður	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Hlutfall samþykktra umsókna	Hlutfall veittra upphæða	Upphæð veitt	Upphæð umsókna
2022*	16*	5*	31%*	9%*	3.225.000 kr*	36.200.000 kr*
2021	46	12	26%	21%	8.658.000 kr	41.211.000 kr
2020	34	12	35%	31%	9.720.000 kr	31.239.000 kr
2019	48	14	29%	16%	9.245.000 kr	59.400.000 kr
2018	63	21	33%	24%	10.590.000 kr	44.500.000 kr
2017	76	24	32%	15%	9.325.000 kr	61.000.000 kr
2016	65	26	40%	14%	10.047.000 kr	72.000.000 kr
2015	108	29	27%	11%	7.825.000 kr	74.200.000 kr

* Athugið þó að það er bara búið að birta tölur fyrir eina úthlutun á árinu 2022 og því eru úthlutunartölur fyrir 2022 ekki heildartölur

Myndlistarsjóður

Upplýsingar voru fengnar beint frá Myndlistarsjóði. Markmið myndlistarsjóðs samkvæmt lögum er að efla íslenska myndlist með fjárhagslegum stuðningi og kosta önnur verkefni er falla undir hlutverk og starfsemi myndlistarráðs. Tafla 10 sýnir tölur yfir umsóknir og úthlutanir úr Myndlistarsjóði frá árinu 2015, en tölurnar voru fengnar beint frá umsýsluaðila sjóðsins sem Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Styrkir sjóðsins flokkast í útgáfu og rannsóknarstyrki, undirbúningsstyrki, stærri sýningarverkefni, minni sýningarverkefni og aðra styrki, en einungis heildarupphæðir eru settar fram hér að neðan. Sjá má að fjöldi umsókna hefur aukist töluvert undanfarin ár og styrkjum og heildarupphæð styrkveitinga einnig.

Tafla 10
Upplýsingar um úthlutanir úr myndlistarsjóði 2015-2022

Ár	Upphæð veitt	Fjöldi Umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Árangurshlutfall
2022	94,000,000	360	150	42%
2021	83,210,000	426	146	34%
2020	45,500,000	352	140	40%
2019	44,350,000	340	130	38%
2018	40,000,000	316	101	32%
2017	35,000,000	205	84	41%
2016	28,050,000	259	80	31%
2015	18,500,000	117	42	36%
Samtals	388,610,000	2,375	873	
Aukaúthlutun Covid 2020	57,000,000	413	110	27%
Samtals með aukaúthlutun	445,610,000	2,788	983	

Einnig fengust upplýsingar um búsetu- og kynjadreifingu styrkþega úr Myndlistarsjóði síðustu þrjú ár. Sjá má að minnihluti umsækjenda eru karlar, en meirihluti er búsettur á höfuðborgarsvæðinu (tafla 11).

Tafla 11
Búseta og kynjahlutfall styrkþega myndlistarsjóðs

	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin	Annað
2020	69%	14%	17%
2021	68%	24%	8%
2022	65%	21%	14%

	Karl	Kona	Annað kyn
2021	22%	47%	31%
2022	22%	51%	27%

Kvikmyndasjóður

Kvikmyndasjóður er sérstök eining innan Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, hvers tilgangur er að veita fé til gerðar íslenskra kvikmynda og sjónvarpsefnis. Upplýsingar voru fengnar beint frá kvikmyndasjóði. Styrkir úr kvikmyndasjóði skiptast milli eftirfarandi þátta:

- Kvikmynda í fullri lengd
- Heimildamynda
- Stuttmynda
- Leikins efnis fyrir sjónvarp
- Minnihluta samframleiðslu
- Kynningar erlendis

Hægt er að fá styrki vegna handritaskrifa, verkefnaþróunar, framleiðslu, eftirvinnslu og kynningar. Kvikmyndamiðstöð Íslands heldur utan um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði. Skilgreint hlutverk sjóðsins er að veita fjármagni til framleiðslu íslenskra sjónvarpsverka og kvikmynda, kynna íslenskar kvikmyndir á alþjóðlegum vettvangi og styðja við kvikmyndamenningu á Íslandi. Styrkir úr sjóðnum skiptast í sex flokka: Leiknar kvikmyndir í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum, stuttmyndir, heimildamyndir, leikið sjónvarpsefni, minnihluta samframleiðsla og kynningarstyrkir. Aðeins kvikmyndir sem eru unnar af eða í samvinnu við íslenska aðila geta sótt um styrk. Varðandi endurgreiðslur vegna kvikmyndaverkefna er fjöldi gildra umsókna í raun sá sami og fjöldi veittra styrkja en einungis er athugað hvort almenn skilyrði eru uppfyllt við yfirferð á umsóknum og fara upphæðir eftir staðfestu fjárhagsuppgjöri umsækjanda (skattframtali) líkt og varðandi endurgreiðslur vegna bókaútgáfu og hljóðritunar á tónlist.

Styrkjum úr Kvikmyndasjóði er alltaf úthlutað til fyrirtækja, ekki einstaklinga. Reynt hefur verið að merkja styrkúthlutanir með kynjabreytu til þess að kanna starfasköpun en ekki fengust gögn til úrvinnslu með slíkum breytum fyrir þessa skýrslu. Hægt er þó að skoða kynjabreytu betur inni á heimasíðu Kvikmyndasjóðs. Stærstur hluti fyrirtækja sem hlýtur

